



Hvalfjarðarsveit, 21. ágúst 2024

**Skipulagsstofnun/Skipulagsgátt
Akraneskaupsstaður**

**Umsögn: Smiðjuvellir – þróunarsvæði C. Breytt Aðalskipulag Akraness.
Mál nr. 584/2024**

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) hefur farið yfir gögn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar vegna tillögu að breyttu Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 „Smiðjuvalla-þróunarsvæðis C “. Samhíða ofangreindri breytingu verður auglýstur deiliskipulagsrammi fyrir Smiðjuvallasvæðið.

Með erindinu fylgdi greinargerð með uppdrætti vegna aðalskipulagsbreytingar og vegna breytts deiliskipulagsramma. Gögn eru unnin af Teikna arkitektum, tillagan gerð í júní 2024 með heitinu; „ Aðalskipulag Akraness 2021-2033. Breyting. Smiðjuvellir, Kalmansvellir. Breyting í blandaða íbúðarbyggð með atvinnustarfsemi „ og „Deiliskipulagsrammi Smiðjuvalla. Greinargerð júní 2024. „ af ASK arkitektum og Teikna arkitektum.

Samkvæmt gögnum er gerð ráð fyrir að á Smiðjuvallasvæði, um 19 hektarar, verði blönduð byggð – þ.e atvinnustarfsemi í bland við íbúðarbyggð. Svæði/reitir sem nú eru merkt á gildandi aðalskipulagsuppdrætti sem AT144 og VP146 verða sameinaðir.

Fram kemur í greinargerð að á svæðinu geti ekki verið atvinnustarfsemi sem trufli íbúðabyggð með lykt, ryki, hávaða eða fyrirferðamikilli umferð. HeV bendir einnig á að sterk ljósmengun frá atvinnustarfsemi geti einnig haft neikvæð áhrif á íbúðarbyggð.

Vegna deiliskipulagsramma kemur fram að notast verði við ofanvatnslausnir við regnvatn af götum og þökum, til viðbótar við blandað fráveitukerfi.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerir ekki athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi og deiliskipulagsramma vegna Smiðjuvalla verði það tryggt að atvinnustarfsemi trufli ekki íbúðabyggð.

Virðingarfyllt

f.h Heilbrigðiseftirlits Vesturlands